



Umhverfisstofnun
b.t. Aðalbjargar Birnu
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 22. apríl 2014
1404034HS RÁ

Efni: Umsögn um starfsleyfistillögu fyrir fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvar Vestm.

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands barst tölvupóstur þann 10.apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn embættisins við starfsleyfistillögu til handa Vinnslustöðinni í Vestm., fiskimjölsverksmiðju, Hafnargötu 2, Vestmannaeyjum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir skjalið og leggur fram eftirfarandi ábendingar:

1. Kafli 1.5 "Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar, og fjalla annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun." Tímabundin rekstrarstöðvun er teygjanlegt hugtak og spurning um skýrara orðalag.
2. Kafli 1.5 Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð.
Þessi tímarammi er allt of þröngur og lagt er til að tímaramminn sé rýmkaður þar sem starfsemi bræðslna liggur oft niðri í lengri tíma.
3. Kafli 2.2 "..... Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður eða kældur eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni" og einnig í kafla 2.3 "...Fiskafskurður og fráflokkaður fiskur skal ísaður eða kældur eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni."
Samkvæmt heimildum embættisins er einnig notast við rotvörn e.o. ediksýru o.þ.h. og því æskilegt að hafa það inni í skilyrðum og einnig til samræmis við önnur útgefin leyfi.
4. Prentvillur í kafla 2.15 og kafla 3.2 er vísað í losunarmörk á frárennsli og vísað í kafla 2.17 á báðum stöðum í stað 2.16.
5. Kafli 3.2. "...Gera skal eftirfarandi mælingar og skulu niðurstöður vera aðgengilegar...." Bent er á að í öðrum leyfum er þetta nákvæmar orðað: "Gera skal eftirfarandi mælingar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu og skulu niðurstöður vera aðgengilegar....."

Að öðru leyti þá gerir embættið ekki athugasemdir við áður nefnda starfsleyfistillögu.



F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rut Aslaugsd.

Aslaug Rut Aslaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi.